

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/88**2019/EES/86/15****frá 18. janúar 2019****um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð í eða á tilteknum afurðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýrarfkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð.
- 2) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði leyfi fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur virka efnið asetamípríð til notkunar á ólífur til átu og ólífur til olíuframleiðslu var sótt um, skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005, að fá að breyta gildandi hámarksgildum leifa.
- 3) Slík umsókn var einnig lögð fram að því er varðar asetamípríð til notkunar á bygg og hafra.
- 4) Viðkomandi aðildarríki mátu þessar umsóknir í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 og matsskýrslurnar voru sendar framkvæmdastjórninni.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði mat á umsóknirnar og matsskýrslurnar og rannsakaði einkum áhættu fyrir neytendur og, þar sem við átti, fyrir dýr, og skilaði rökstuddu álitni um tillögð hámarksgildi leifa ⁽²⁾. Matvælaöryggisstofnunin sendi álitnið til umsækjandans, framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna og gerði það aðgengilegt almenningi.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í rökstuddu álitni sínu að allar kröfur um gögn hefðu verið uppfylltar og að breytingarnar, sem umsækjandinn óskaði eftir að yrðu gerðar á hámarksgildunum, væru viðunandi að því er varðar öryggi neytenda, á grundvelli mats fyrir 27 sérstaka evrópska neytendahópa á váhrifum sem neytendur verða fyrir. Matvælaöryggisstofnunin tók tillit til nýjustu upplýsinga um eiturefnafræðilega eiginleika efnisins. Hvorki þótti sýnt að ævilöng váhrif af völdum þessa efnis vegna neyslu á öllum matvælum, sem geta innihaldið það, né skammtímaváhrif vegna mikillar neyslu á viðkomandi afurðum sköpuðu hættu á að farið yrði yfir ásættanlega, daglega inntöku eða viðmiðunar-skammt bráðrar eitrunar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 22, 24.1.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

⁽²⁾ Vísindaskýrslur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu eru aðgengilegar á Netinu á: <http://www.efsa.europa.eu>: „Reasoned opinion on the focussed assessment of certain existing MRLs of concern for acetamiprid and modification of the existing MRLs for table olives, olives for oil production, barley and oats.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5262.

- 7) Í tengslum við málsmeðferð sem varðaði endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu asetamípríði, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 ⁽³⁾, lagði Matvælaöryggisstofnunin fram niðurstöður um ritrýni á áhættumati á varnarefnum varðandi virka efnið ⁽⁴⁾ þar sem nýir eiturefnafraeðilegir endapunktur voru lagðir til. Fastanefndin um plöntur, dýr, matvæli og fóður samþykkti þessa endapunkta 13. desember 2017 ⁽⁵⁾.
- 8) Í samræmi við 43. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnunin legði mat á þær áhættur sem gildandi hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð gætu skapað fyrir neytendur í ljósi lægri viðmiðunarskammts bráðrar eitrunar sem af þeim hlýst.
- 9) Matvælaöryggisstofnunin tilgreindi í rökstuddu álitinu ⁽⁶⁾ athugunarefni í tengslum við inntekið magn neytenda að því er varðar epli, perur, ferskjur, höfuðkál, kínakál, grænkál, breiðblaða salatfífla, spínat, súpugull, blaðbeðjur og sellerí. Haft var samráð við aðildarríkin og þau beðin að tilgreina hugsanlegar varalausnir fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði sem myndu ekki leiða til óviðunandi áhættu fyrir neytendur. Aðildarríki tilgreindu varalausnir fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði fyrir allar afurðir, sem um er að ræða, nema kínakál, grænkál og sellerí þar sem fastsetja ætti hámarksgildi leifa við viðeigandi magngreiningarmörk.
- 10) Að því er varðar breiðblaða salatfífla komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur í tengslum við varalausnirnar fyrir góðar starfsvenjur í landbúnaði ætti að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þá afurð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Það hámarksgildi verður endurskoðað; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar.
- 11) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra.
- 12) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 13) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin, þriðju lönd og stjórnendur matvælafyrirtækja geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja þessum breytingum á hámarksgildum leifa.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. ágúst 2019.

Hins vegar kemur hún til framkvæmdar frá og með 13. febrúar 2019 að því er varðar asetamípríð í ólífum til olúframleiðslu, ólífum til átu, byggi og höfrum.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjút. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1).

⁽⁴⁾ „Conclusion on the peer review of the pesticide risk assessment of the active substance acetamiprid.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(11), 4610.

⁽⁵⁾ Endurskoðunarskýrsla fyrir virka efnið asetamípríð (SANTE/10502/2017 4. endursk.).

⁽⁶⁾ „Reasoned opinion on the focussed assessment of certain existing MRLs of concern for acetamiprid and modification of the existing MRLs for table olives, olives for oil production, barley and oats.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(5), 5262.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Í stað dálksins fyrir asetamípríð í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 komi eftirfarandi:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

Kenninúmer	Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um ^(a)	Asetamípríð (R)
1)	2)	3)
0100000	NÝ EÐA FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR	
0110000	Sítrusávéxtir	0,9
0110010	Greipaldin	
0110020	Appelsínur	
0110030	Sítrónur	
0110040	Súraldin	
0110050	Mandarínur	
0110990	Annað (2)	
0120000	Trjáhnetur	0,07
0120010	Möndlur	
0120020	Parahnetur	
0120030	Kasúhnetur	
0120040	Kastaníuhnetur	
0120050	Kókosnetur	
0120060	Heslihnetur	
0120070	Goðahnetur	
0120080	Pekanhnetur	
0120090	Furuhnetukjarnar	
0120100	Pistasíuhnetur	
0120110	Valhnetur	
0120990	Annað (2)	
0130000	Kjarnaávéxtir	
0130010	Epli	0,4
0130020	Perur	0,4
0130030	Kveði	0,8
0130040	Trjámispilsaldin	0,8
0130050	Dúnepli/japansplómur	0,8
0130990	Annað (2)	0,8
0140000	Steinaldin	
0140010	Apríkósur	0,8
0140020	Kirsber (sæt)	1,5
0140030	Ferskjur	0,2
0140040	Plómur	0,03
0140990	Annað (2)	0,01 (*)
0150000	Ber og smá aldin	
0151000	a) <i>Þrúgur</i>	0,5
0151010	Vínber til neyslu	
0151020	Vínþrúgur	

1)	2)	3)
0152000	b) <i>Jarðarber</i>	0,5
0153000	c) <i>Klungurber</i>	2
0153010	Brómber	
0153020	Daggarber	
0153030	Hindber (rauð og gul)	
0153990	Annað (2)	
0154000	d) <i>Önnur smá aldin og ber</i>	
0154010	Bláber	2
0154020	Trönuber	2
0154030	Rifsber (rauð og hvít) og sólber	2
0154040	Stikilsber (græn, rauð og gul)	2
0154050	Rósaldin	2
0154060	Mórber (svört og hvít)	2
0154070	Eplapyrniber/Miðjarðarhafstrjámpilsaldin	0,01 (*)
0154080	Ylliber	2
0154990	Annað (2)	0,01 (*)
0160000	Ýmis aldin með	
0161000	a) <i>Ætu hýði</i>	
0161010	Döðlur	0,01 (*)
0161020	Fíkjur	0,03
0161030	Ólífur til átu	3
0161040	Gullappelsínur	0,01 (*)
0161050	Stjörnualdin	0,01 (*)
0161060	Gallaldin	0,01 (*)
0161070	Jövuplómur	0,01 (*)
0161990	Annað (2)	0,01 (*)
0162000	b) <i>Óætu hýði, lítil</i>	0,01 (*)
0162010	Kíví (græn, rauð, gul)	
0162020	Litkaber	
0162030	Píslaraldin	
0162040	Kaktusfíkjur	
0162050	Stjörnuepli	
0162060	Persimónur/Virginíu-kakí	
0162990	Annað (2)	
0163000	c) <i>Óætu hýði, stór</i>	
0163010	Lárperur	0,01 (*)
0163020	Bananar	0,4
0163030	Mangó	0,01 (*)
0163040	Papæjaldin	0,01 (*)
0163050	Granatepli	0,01 (*)
0163060	Morgunberkjur	0,01 (*)
0163070	Gvönvur	0,01 (*)
0163080	Ananas	0,01 (*)
0163090	Brauðaldin	0,01 (*)
0163100	Dáraaldin	0,01 (*)
0163110	Nónberkjur	0,01 (*)
0163990	Annað (2)	0,01 (*)

1)	2)	3)
0200000	NÝTT eða FRYST GRÆNMETI	
0210000	Rótarávextir og hnýði	0,01 (*)
0211000	a) <i>Kartöflur</i>	
0212000	b) <i>Hitabeltisrótarávextir og -hnýði</i>	
0212010	Kassavarætur	
0212020	Sætar kartöflur	
0212030	Mjölrótarhnýði	
0212040	Örvarætur	
0212990	Annað (2)	
0213000	c) <i>Aðrir rótarávextir og hnýði, að sykkurófum undanskildum</i>	
0213010	Rauðrófur	
0213020	Gulrætur	
0213030	Hnúðsillur/hnúðsellerí	
0213040	Piparrót	
0213050	Ætihnúðar	
0213060	Nípur	
0213070	Steinseljurætur	
0213080	Hreðkur	
0213090	Hafursrætur	
0213100	Gulrófur	
0213110	Næpur	
0213990	Annað (2)	
0220000	Laukar	
0220010	Hvítlaukur	0,02
0220020	Laukar	0,02
0220030	Skalottlaukar	0,01 (*)
0220040	Vorlaukar og pípulaukar	0,01 (*)
0220990	Annað (2)	0,01 (*)
0230000	Aldingrænmeti	
0231000	a) <i>Náttskuggaætt og stokkrósaætt</i>	
0231010	Tómatar	0,5
0231020	Paprikur	0,3
0231030	Eggaldin	0,2
0231040	Okrur	0,2
0231990	Annað (2)	0,2
0232000	b) <i>Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</i>	
0232010	Gúrkur	0,3
0232020	Smágúrkur	0,6
0232030	Dvergbítar	0,3
0232990	Annað (2)	0,3
0233000	c) <i>Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</i>	0,2
0233010	Melónur	
0233020	Risagrasker	
0233030	Vatnsmelónur	
0233990	Annað (2)	
0234000	d) <i>Sykurmaís</i>	0,01 (*)
0239000	e) <i>Annað aldingrænmeti</i>	0,2

1)	2)	3)
0240000	Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	
0241000	a) <i>Blómstrandi kál</i>	0,4
0241010	Spergilkál	
0241020	Blómkál	
0241990	Annað (2)	
0242000	b) <i>Kálhöfuð</i>	
0242010	Rósakál	0,05
0242020	Höfuðkál	0,4
0242990	Annað (2)	0,01 (*)
0243000	c) <i>Blaðkál</i>	0,01 (*)
0243010	Kínakál	
0243020	Grænkál	
0243990	Annað (2)	
0244000	d) <i>Hnúðkál</i>	0,01 (*)
0250000	Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm	
0251000	a) <i>Salat og salatplöntur</i>	
0251010	Vorsalat/strábrúða	3
0251020	Salat	1,5
0251030	Breiðblaða salatfíflar	0,4 (+)
0251040	Karsi og aðrar spírur og sprotar	3
0251050	Vetrarkarsi	3
0251060	Klettasalat	3
0251070	Sinnepskál	3
0251080	Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i>)	3
0251990	Annað (2)	0,01 (*)
0252000	b) <i>Spínat og áþekk blöð</i>	0,6
0252010	Spínat	
0252020	Súpugull	
0252030	Blaðbeðjur	
0252990	Annað (2)	
0253000	c) <i>Vínviðarlauf og áþekkar tegundir</i>	0,01 (*)
0254000	d) <i>Brunnperla</i>	0,01 (*)
0255000	e) <i>Jólasalat/salatfíflar</i>	0,01 (*)
0256000	f) <i>Kryddjurtir og æt blóm</i>	3
0256010	Kerfill	
0256020	Graslaukur	
0256030	Blöð af sellerí	
0256040	Steinselja	
0256050	Salvía	
0256060	Rósmarín	
0256070	Garðablóðberg	
0256080	Basilíka og æt blóm	
0256090	Lárviðarlauf	
0256100	Fáfnisgras	
0256990	Annað (2)	
0260000	Belgávextir	
0260010	Baunir (með fræbelg)	0,6
0260020	Baunir (án fræbelgs)	0,3

1)	2)	3)
0260030	Ertur (með fræbelg)	0,6
0260040	Ertur (án fræbelgs)	0,3
0260050	Linsubaunir	0,01 (*)
0260990	Annað (2)	0,01 (*)
0270000	Stöngulgrænmeti	
0270010	Sperglar	0,8
0270020	Salatþistlar	0,01 (*)
0270030	Sellerí	0,01 (*)
0270040	Hnúðfennfukur	0,01 (*)
0270050	Ætiþistlar	0,7
0270060	Blaðlaukar	0,01 (*)
0270070	Rabarbarar	0,01 (*)
0270080	Bambussprotar	0,01 (*)
0270090	Pálmakjarnar	0,01 (*)
0270990	Annað (2)	0,01 (*)
0280000	Sveppir, mosar og skófir	0,01 (*)
0280010	Ræktaðir sveppir	
0280020	Villtir sveppir	
0280990	Mosar og skófir	
0290000	Þörungar og dreifkjörnungslífverur	0,01 (*)
0300000	BELGÁVEXTIR	0,15
0300010	Baunir	
0300020	Linsubaunir	
0300030	Ertur	
0300040	Lúpínur/lúpínubaunir	
0300990	Annað (2)	
0400000	OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN	
0401000	Olíufræ	
0401010	Hörfræ	0,01 (*)
0401020	Jarðhnetur	0,01 (*)
0401030	Valmúufræ	0,01 (*)
0401040	Sesamfræ	0,01 (*)
0401050	Sólblómafræ	0,01 (*)
0401060	Repjufræ	0,4
0401070	Sojabaunir	0,01 (*)
0401080	Mustarðsfræ	0,01 (*)
0401090	Baðmullarfræ	0,7
0401100	Risagraskersfræ	0,01 (*)
0401110	Litunarþistilsfræ	0,01 (*)
0401120	Hjólkrónufræ	0,01 (*)
0401130	Akurdoðrufræ	0,01 (*)
0401140	Hampfræ	0,01 (*)
0401150	Kristpálmafræ	0,01 (*)
0401990	Annað (2)	0,01 (*)
0402000	Olíurík aldin	
0402010	Ólífur til olíuframléiðslu	3
0402020	Olíupálmakjarnar	0,01 (*)
0402030	Olíupálmaaldin	0,01 (*)
0402040	Dúnviðaraldin	0,01 (*)
0402990	Annað (2)	0,01 (*)

1)	2)	3)
0500000	KORNTegundir	
0500010	Bygg	0,05
0500020	Bókhveiti og aðrar sýndarkorntegundir	0,01 (*)
0500030	Maís	0,01 (*)
0500040	Hirsi	0,01 (*)
0500050	Hafrar	0,05
0500060	Hrísgrjón	0,01 (*)
0500070	Rúgur	0,01 (*)
0500080	Dúrri	0,01 (*)
0500090	Hveiti	0,1
0500990	Annað (2)	0,01 (*)
0600000	TE, KAFLI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ	0,05 (*)
0610000	Te	
0620000	Kaffibaunir	
0630000	Jurtate úr	
0631000	a) <i>Blómum</i>	
0631010	Gæsajurt	
0631020	Læknaakólfur	
0631030	Rósir	
0631040	Jasmína	
0631050	Lindiblóm	
0631990	Annað (2)	
0632000	b) <i>Blöðum og kryddjurtum</i>	
0632010	Jarðarber	
0632020	Rauðrunnalaufr	
0632030	Indíánaþyrnislauf	
0632990	Annað (2)	
0633000	c) <i>Rótum</i>	
0633010	Garðabruða	
0633020	Ginseng	
0633990	Annað (2)	
0639000	d) <i>Öðrum plöntuhlutum</i>	
0640000	Kakóbaunir	
0650000	Jóhannesarbrauð	
0700000	HUMLAR	0,05 (*)
0800000	KRYDD	
0810000	Krydd úr fræjum	0,05 (*)
0810010	Anís/anísfræ	
0810020	Ilmfrú	
0810030	Sellerí	
0810040	Kóríander	
0810050	Kúmín	
0810060	Dill	
0810070	Fenníkur	
0810080	Grikkjasmári	
0810090	Múskat	
0810990	Annað (2)	

1)	2)	3)
0820000	Aldinkrydd	
0820010	Allrahanda	0,05 (*)
0820020	Kínapipar	0,05 (*)
0820030	Kúmen	0,05 (*)
0820040	Kardimommur	0,1
0820050	Einiber	0,05 (*)
0820060	Pípar (svartur, grænn og hvítur)	0,1
0820070	Vanilla	0,05 (*)
0820080	Tamarind	0,05 (*)
0820990	Annað (2)	0,05 (*)
0830000	Barkarkrydd	0,05 (*)
0830010	Kanill	
0830990	Annað (2)	
0840000	Krydd úr rótum og jarðstönglum	
0840010	Lakkrís	0,05 (*)
0840020	Engifer (10)	0,05 (*)
0840030	Túrmerik/gullinrót	0,05 (*)
0840040	Píparrót (11)	(+)
0840990	Annað (2)	0,05 (*)
0850000	Blómhnappakrydd	0,05 (*)
0850010	Negull	
0850020	Kapers	
0850990	Annað (2)	
0860000	Frævukrydd	0,05 (*)
0860010	Saffran	
0860990	Annað (2)	
0870000	Frækápukrydd	0,05 (*)
0870010	Múskatblóm	
0870990	Annað (2)	
0900000	SYKURPLÖNTUR	0,01 (*)
0900010	Sykkurófurætur	
0900020	Sykkureyr	
0900030	Kaffifílsrætur	
0900990	Annað (2)	
1000000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU – LANDDÝR	
1010000	Vörur úr	
1011000	a) <i>Svínum</i>	
1011010	Vöðvi	0,5
1011020	Fita	0,3
1011030	Lifur	1
1011040	Nýru	1
1011050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1
1011990	Annað (2)	0,02 (*)
1012000	b) <i>Nautgripum</i>	
1012010	Vöðvi	0,5
1012020	Fita	0,3
1012030	Lifur	1
1012040	Nýru	1

1)	2)	3)
1012050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1
1012990	Annað (2)	0,02 (*)
1013000	c) <i>Sauðfé</i>	
1013010	Vöðvi	0,5
1013020	Fita	0,3
1013030	Lifur	1
1013040	Nýru	1
1013050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1
1013990	Annað (2)	0,02 (*)
1014000	d) <i>Geitum</i>	
1014010	Vöðvi	0,5
1014020	Fita	0,3
1014030	Lifur	1
1014040	Nýru	1
1014050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1
1014990	Annað (2)	0,02 (*)
1015000	e) <i>Hestum</i>	
1015010	Vöðvi	0,5
1015020	Fita	0,3
1015030	Lifur	1
1015040	Nýru	1
1015050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1
1015990	Annað (2)	0,02 (*)
1016000	f) <i>Alifuglum</i>	
1016010	Vöðvi	0,02 (*)
1016020	Fita	0,02 (*)
1016030	Lifur	0,1 (*)
1016040	Nýru	0,1 (*)
1016050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	0,02 (*)
1016990	Annað (2)	0,02 (*)
1017000	g) <i>Öðrum öldum landdýrum</i>	
1017010	Vöðvi	0,5
1017020	Fita	0,3
1017030	Lifur	1
1017040	Nýru	1
1017050	Ætur sláturmatur (annar en lifur og nýru)	1
1017990	Annað (2)	0,02 (*)
1020000	Mjólk	0,2
1020010	Nautgripir	
1020020	Sauðfé	
1020030	Geitur	
1020040	Hestar	
1020990	Annað (2)	
1030000	Fuglsegg	0,02 (*)
1030010	Hænsni	
1030020	Endur	
1030030	Gæsir	
1030040	Kornhænur	
1030990	Annað (2)	

1)	2)	3)
1040000	Hunang og aðrar býræktarafurðir (7)	0,05 (*)
1050000	Froskdýr og skriðdýr	0,02 (*)
1060000	Landhryggleysingar	0,02 (*)
1070000	Villt landhryggdýr	0,02 (*)
1100000	AFURÐIR ÚR DÝRARÍKINU - FISKUR, FISKAFURÐIR OG ÖLL ÖNNUR MATVÆLI ÚR SJÓ OG FERSKVATNI (8)	
1200000	AFURÐIR EÐA HLUTAR AFURÐA, EINGÖNGU ÆTLAÐAR Í FÓÐURFRAMLEIÐSLU (8)	
1300000	UNNIN MATVÆLI (9)	

(*) Greiningarmörk

(^a) Fyrir fullgerða skrá yfir afurðir úr plöntu- og dýraríkinu sem hámarksgildi leifa eiga við um skal vísa í I. viðauka.

Asetamípríð (R)

(R) = Skilgreiningin á efnaleifum er mismunandi fyrir eftirfarandi samsetningar á varnarefnum/kóðum:

Asetamípríð – kóði 1000000 að undanskildu 1040000: Summa asetamípríðs og N-desmetýl-asetamípríðs (IM-2-1), gefin upp sem asetamípríð

(+) Matvælaöryggisstofnun Evrópu tók fram að tiltekna upplýsingar vantaði um prófanir á leifum. Við endurmat á hámarksgildum leifa tekur framkvæmdastjórnin tillit til upplýsinga sem um getur í fyrstu setningunni ef þær hafa verið lagðar fram eigi síðar en 24. janúar 2021 eða, ef umræddar upplýsingar hafa ekki verið lagðar fram fyrir þann tíma, til skorts á þeim.

0251030 Breiðblaða salatfíflar“